Námsgrein: Umsjónarkennsla 3. bekkur

Kennari: Eyrún Ýr Tryggvadóttir og Hilda Rós Pálsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsgreinar og enska eru kenndar í samþættum þemaverkefnum eftir aðferðum Byrjendalæsis. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Námsefni er aðlagað að þörfum hvers og eins nemenda. Rík áhersla er lögð á lestur á fjölbreyttan hátt og birtist hann í allri verkefnavinnu. Unnið er með Jákvæðan aga í daglegu starfi og eru skipulagðir bekkjarfundir í hverri viku þar sem lögð er áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti, samskipti og samvinnu. Við skil á verkefnum eru notaðar fjölbreyttar og skapandi aðferðir. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota, Stærðfræðispæjurum, verkefnablöðum og stærðfræðileikjum. Aðgengi að námsgögnum er gott og áhersla er lögð á að nemendur geti fundið hvaða aðferð hentar þeim við nám.

Námsmat: Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir skólaárið með fjölbreyttum hætti (leiðsagnarmat) ásamt Matsferli og öðrum skimunum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúru og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagslegra samskipta og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafa rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnan möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.
Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfa ímyndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
Ágúst/september	***Skólabyrjun*** **Samfélags- og náttúrugreinar** • Halló heimur 2 – Vatn • Skólasöngurinn **Stærðfræði** • Sproti 3a • Kafli 1:Upplýsingar og tölfræði **Enska** • Hugtök um skóla og umhverfi **Jákvæður agi** • Bekkjarsáttmáli • Störfin í bekknum • Hrós og þakkir	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst sögu skólans frá upphafi. • Áttar sig á að hann er hluti af stærra samhengi. ***Stærðfræði*** • Þekkir árstíðirnar og röð þeirra. • Þekkir mánuðina og röð þeirra. • Þekkir vikudagana og röð þeirra. • Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum og súluritum. • Getur gert einfaldar kannanir og birt niðurstöður í myndriti. ***Íslenska*** • Talar skýrt og áheyrilega. • Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum á fjölbreyttan hátt.
September 21. Norðurþingsdagur	***Fjölskyldan*** **Samfélags- og náttúrugreinar** • Halló heimur 2 – Hver er ég? • Fjölskyldan mín • Iðnir krakkar **Stærðfræði** • Sproti 3a - Kafli 2, þriggja stafa tölur • Stærðfræðispæjarar	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Áttar sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna. • Getur sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. • Áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. **Íslenska**

	Enska • Hugtök um fjölskyldur, líkamann og tilfinningar **Jákvæður agi** • Kalli krumpaði **Skimun:** Lesfimi	• Skrifar skýrt og læsilega. • Getur unnið með lýsingarorð. • Getur stigbreytt einföld lýsingarorð. **Stærðfræði** • Snýr tölustöfunum rétt. • Þekkir talnarunur og nágrannatölur. • Getur talið fram og aftur 0-100. **Enska** • Hefur unnið með hugtök um líkamann • Hefur unnið með hugtök um fjölskylduheiti
Október 8. viðtalsdagur 9. skipulagsdagur 12. haustfrí 13. haustfrí	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Halló Heimur 2 – Einu sinni var **Stærðfræði** • Sproti 3b, kafli 11, samlagning og frádráttur • Stærðfræðispæjarar **Jákvæður agi** • Sjálfstjórn • Að hafa heilann í hendi sér • Jákvæð einvera • Mistök eru tækifæri til að læra (að gera eða vera, V-A-L, Að biðjast fyrirgefningar og að taka afsökunarbeiðni) • Hrós og þakkir **Skimun:** Orðarún – lesskilningur og 20 orðin – stafsetning	**Stærðfræði** • Vinnur með öðrum. • Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. • Getur lagt saman tveggja stafa tölur. • Getur fundið týndan þátt í samlagningu og frádrætti. • Þekkir hugtökin eining og tugur og getur unnið með þau. • Þekkir hugtökin hundrað og þúsund og getur unnið með þau. • Getur lagt saman með því að geyma. • Getur dregið frá með því að taka til láns. • Getur skrifað tölurnar 0-1000. • Getur lesið tölurnar 0-1000. **Íslenska** • Getur unnið með samsett orð. • Getur unnið með nafnorð. • Getur unnið með eintölu og fleirtölu nafnorða
Nóvember	**Rúmfræði og form**	**Stærðfræði** • Þekkir algengustu tvívíðu og þrívíðu formin.

9.-13. þemavika	Stuð á stærðfræðisýningu **Stærðfræði** • Sproti 3a, kafli 5, rúmfræði – form í þrívídd • Sproti 3a, kafli 8, samhverfa og speglun • Stærðfræðispæjarar **Jákvæður agi** • Sjálfstjórn - tilfinningahjól • Samskiptahæfni: - það pirrar mig ... og ég vildi óska - Ég-boð -virk og óvirk hlustun **Þemavika** • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	• Getur speglað og fundið samhverfuás. **Íslenska** • Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun. • Getur unnið með hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur. • Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. • Notar bil á milli orða.
Desember 4. verkstæðisdagur 18. litlu jólin	**Jólin** Ýmis jólalög og jólasögur **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Halló Heimur 2 – Verum örugg **Stærðfræði** – klára • Ýmsir stærðfræðileikir og verkleg vinna. **Enska** • Matur og drykkir **Jákvæður Agi** • Lausnaleit • Lausnahjólið	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar. • Hefur kynnst sögunni um fæðingu Jesúbarnsins. **Íslenska** • Getur raðað orðum í stafrófsröð. • Þekkir uppbyggingu orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra. **Enska** • Hefur unnið með orðaforða um mat og drykki.

	• Hrós og þakkir 1: að kynna ferlið, að gefa og þiggja • Hrós og þakkir 2: Að veita hrós og þakkir	
Janúar 4. skipulagsdagur	**Húsdýr og gæludýr** Blómin á þakinu **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Halló Heimur 2 – Fuglar og villt spendýr • Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera **Stærðfræði** Sproti 3a: • Kafli 6, margföldun 1 • Kafli 7, deiling Sproti 3b: • Kafli 12, rúmfræði – horn Stærðfræðispæjarar **Enska** • Dýr **Jákvæður agi** • Gagnkvæm virðing: af hverju mikilvæg? Hvað læra nemendur? • Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum • Að virða fjölbreytileikann: - æfingar: öll dýrin í skóginum & upplifðu muninn • Hrós og þakkir	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. • Hefur kynnst helstu dýrategundum sem finna má á Íslandi og muninum á villtum dýrum, húsdýrum og gæludýrum. • Hefur kynnst muninum á náttúru og manngerðu umhverfi. **Íslenska** • Þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum. • Getur unnið með hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur. • Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. • Notar bil á milli orða. **Stærðfræði** • Getur unnið með deilingu. • Getur talið frá mismunandi upphafi. • Getur unnið með margföldun. • Getur fundið flatarmál með því að telja reiti. • Þekkir rétt, hvöss og gleið horn. **Enska** • Hefur unnið með hugtök um dýr

	Skimun: Lesfimi	
Febrúar 8. Bolludagur 9. Sprengidagur 10. Öskudagur 11. viðtalsdagur 12. skipulagsdagur 15. vetrarfrí 16. vetrarfrí	**Málfræði** **Íslenska** • Ritrún og Lesrún **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Halló Heimur 2 – Landnám Íslands **Stærðfræði** Sproti 3b • Kafli 13, almenn brot • Kafli 14, margföldun 2 • Kafli 15, reikningur (deiling) Stærðfræðispæjarar **Enska** • Tölurnar upp í 100 **Jákvæður agi** • Upprifjun á sjálfstjórn - hvers vegna mikilvæg? • Heilinn í hendi sér - upprifjun • Að efla samvinnu: - Að kanna vald: Samvinna - Boltinn látinn ganga	**Íslenska** • Getur unnið með samheiti og andheiti. • Getur unnið með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. • Þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum. • Getur unnið með sérnöfn og samnöfn. • Getur unnið með eintölu og fleirtölu nafnorða. **Stærðfræði** • Þekkir almennu brotin 1/2, 1/3, 1/4 og 1/5 • Getur unnið með deilingu. • Getur unnið með margföldun. • Hefur kynnst margföldunartöflunni og getur unnið með hana. • Vinnur með öðrum. • Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. • Getur lagt saman tveggja stafa tölur. **Enska** • Hefur unnið með tölurnar.
Mars 16.-18. skólasamkoma 19. páskaleyfi hefst	**Tilfinningar** Inside Out Halló heimur 2 – Líkami og sál	**Íslenska** • Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun. • Þekkir uppbyggingu orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra.

	Íslenska - Ritun og stafsetning **Stærðfræði –** Tíminn og mælingar Sproti 3a • Kafli 4, tími • Kafli 3, mælingar Stærðfræðispæjarar **Náttúru- og samfélagsgreinar** - Páskar og trúarbragðafræði • Regnboginn, páskar • Trúarbrögðin okkar • Halló heimur 2 –Trú landnámsfólks **Enska** • Litirnir **Jákvæður Agi** • Mistök og viðbrögð við þeim • Lærum af mistökum: V-A-L • Hrós og þakkir **Skimun:** Orðarún – lesskilningur og 20 orðin – stafsetning	• Skrifar skýrt og læsilega. • Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. • Notar bil á milli orða. • Beitir reglunni um ritun n/nn í enda orða. • Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim. • Getur unnið með samheiti og andheiti. **Stærðfræði** • Þekkir heilu og hálfu tímana á skífuklukku. • Kann á klukku. • Þekkir árstíðirnar og röð þeirra. • Þekkir mánuðina og röð þeirra. • Þekkir vikudagana og röð þeirra. • Getur mælt með stöðluðum mælingum s.s. metrastiku, reglustiku og málbandi. • Þekkir m og cm. **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska. • Hefur kynnst sögunni um krossfestingu og upprisu Jesú. • Hefur kynnst ólíkum siðum og venjum trúarbragðanna. • Áttar sig á og getur lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. **Enska** Hefur unnið með litina.
Apríl 22. sumardagurinn fyrsti	**Hvalir** **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Ýmsar fræðibækur og fróðleikstextar um hvali • Heimsókn á Hvalasafnið	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. • Tekur þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna. **Stærðfræði og íslenska**

	Stærðfræði – klára ýmisleg verkefni **Jákvæður Agi** • Hugstormun • Hlutverkaleikur • Tilfinningavitund • Hrós og þakkir	• Endurmat á hæfniviðmiðum sem þegar hefur verið farið í.
Maí 6. uppst.dagur 7. skipulagsdagur 17. Annar í Hvítasunnu	**Náttúran okkar – umhverfi** Ruslaskrímslið **Náttúru- og samfélagsgreinar -** Halló Heimur 2 – loft og hljóð **Skimun:** Lesfimi	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst samspili manns og náttúru. Hefur kynnst flokkun úrgangs. • Hefur kynnst gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. **Íslenska** • Skrifar skýrt og læsilega.
Júní 8. skólaslit	Aukin áhersla á útiveru ásamt því að klára ólokin verkefni eftir þörfum.	
Allt skólaárið	Námsefni sem unnið er með eru námsbækur, ýmsar bækur á bókasafni tengdar hverju þema, leikir, áhorf, hlustun, söngur og fleiri fjölbreytt verkefni. Unnið er að þróun og endurskoðun hæfniviðmiða í samræmi við nýja stefnu í námsmati og Aðalnámskrá grunnskóla. Við gerð þessarar áætlunar er haft í huga að mörg hæfniviðmið tvinnast saman milli námsgreina og birtast í fjölbreyttu námi nemenda. Því er lögð áhersla á heildstæða nálgun í mati á námi og hæfni, þar sem kennarar meta frammistöðu og framfarir nemenda jafnt og þétt í gegnum önnina í samræmi við markmið skólans og vinnulag leiðsagnarmats.	

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Menntun fyrir öll: Að nemendur fái jafnan aðgang að námi og námstækifærum um leið og námsefni er aðlagað að þörfum hvers og eins ef/þegar þurfa þykir.



Aukinn jöfnuður: Fjalla um jöfnuð og fjölbreytileika í þeim textum sem unnið er með í byrjendalæsi hverju sinni.



Friður og réttlæti: Að vanda sig í samskiptum og bera virðingu fyrir hvert öðru. Tekið sérstaklega fyrir í bekkjarsáttmála.



Heilsa og vellíðan: Að stuðla að vellíðan allra barna inn í kennslurými. Unnið með félagsfærni og nýtt hjálpartæki, svo sem heyrnartól, teygjur og mildari lýsingu þegar hægt er til að tryggja vellíðan nemenda.